



Alþýðusamband Íslands

Ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands vegna opunar Grindavíkur

21. febrúar 2024

Vegna þeirrar ákvörðunar yfirstjórnar lögreglu að heimila á ný starfsemi fyrirtækja í Grindavík leggur miðstjórn Alþýðusambands Íslands (ASI) áherslu á eftirfarandi:

Miðstjórn hvetur til þess að ítrustu öryggiskröfum verði fylgt í hvívetna og í engu verði hvikað frá lögum um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum. Miðstjórn hvetur yfirvöld og atvinnurekendur í Grindavík til að hafa fullt samráð í þessu skyni við verkalýðsfélög á hættusvæðinu.

Miðstjórn leggur áherslu á að það starfsfólk fyrirtækja sem mætir til vinnu í Grindavík gerir það á ábyrgð viðkomandi atvinnurekenda. Þeim ber að sjá til þess að aðstæður ógni ekki öryggi starfsfólks og að það njóti allra viðeigandi trygginga við vinnu sína í Grindavík. Hið sama á við um ferðir starfsfólks til og frá vinnustað.

Miðstjórn vekur athygli á að réttur þess starfsfólks sem treystir sér ekki til að vinna við ríkjandi aðstæður í Grindavík er skýr og óvæfengjanlegur.

Miðstjórn minnir atvinnurekendur á að þeim er ekki fært að skylda fólk eða þrýsta á það með nokkrum hætti til að mæta til starfa í bænum sem ekki treysta sér á svæðið. Verði starfsfólk fyrir slíkum þrýstingi er það hvatt til að snúa sér til stéttarfélags síns.

Í ljósi þess ástands sem ríkir í Grindavík eftir undangengnar náttúruhamfarir telur miðstjórn einboðið að efnt verði til víðtæks samráðs um öryggismál starfsfólks og að rödd þess fái einnig að hljóma við tilraunir til að endurreisa atvinnulíf í bænum við þessar einstöku og krefjandi aðstæður.